

Háandarbejðs
Fremme heitir gamalt félag í Danmörku, sem starfar á sviði vefjarlistar, listiðnaðar og heimilisiðnaðar, en Danir eru fyrir löngu orðnir frægir fyrir handbragð sitt í gerð muna og vöru. Sýning er nú haldin í Norræna húsinu, en 25 ár eru síðan félagið sýndi seinast í Reykjavík. Verndari sýningarinnar er hennar hátígn Ingrid drottning.

Það verður einna helst skilið af sýningarskrá, að félagið kalli eftir munum í Danmörku, því að þar stendur, að menn hafi keppt við að senda verk inn á sýninguna, og Gretie Wandel, sem ritar aðfararorð, segir það von sína, að sýningin sé gott dæmi um það, sem er að gerast í danski vefjarlist í dag.

Ullarlaust land

Danmörk er að heita má ullarlaust land. Þeir nota moldina undir annað en fé, enda varla nokkur staður til, þar sem villt sauðfé gæti hafzt við og haft

TVÆR

MERKILEGAR

SÝNINGAR

þetta var ritað, hafa munir verið færðir til og nýir hafa borizt, en vonandi veldur það ekki ruglingi.

Þar á meðal hafa munir Kirstinar Holts verið fluttir, að mér hefur skilist.

Útsaumub verk, krosssaumurinn, er líklega einn stærsti misskilningurinn í samanlagðri handavinnu íslenskra kvenna, sem stíga úr sér augun yfir smásæjum krossum í rósaflúri útsaumsíðnaðarinnar. Ateiknuð mynstur, úttalin mynstur úr búið, koma í stabinn fyrir sjálfstæða hönnun á mynstri og myndum. Ég held þetta gangi næst því að mála eftir númer-

neyzlu þjóðanna. Einmitt þess vegna hlýtur ullarvinna og sýningar að vekja sérstaka athygli hér á landi, enda mátti sjá við opnun sýningarinnar marga þeirra er starfa við ullina, þar á meðal forystumenn Samvinnuhreyfingarinnar, sem skilja gildi ullarinnar fyrir þjóðina. Frá þessu er skýrt til þess að minna á margþættan tilgang með sýningum. Þær eru ekki aðeins kyrrlát skemmtun til þess að njóta á eftirmíðdegi, þær hafa og eiga að hafa viðtækan tilgang og vera vettvangur


nýjunga og móta stefnu, smekk og snið.

Mér hefur verið sagt að margar nýjungar í ullariðnaði (þ.e. mynstur og snið á flikum) hafi komið frá fólki út í bæ, húsmæðrum, eða gömlum konum, sem þrjóna í myrkri. Þær eru jafnnaðsýnlegar og menntaðir tíðkuhönnuðir iðnaðarstöðvanna.

Heimilisiðnaður hefur því miklu hlutverki að gegna.

Sýning Háandarbejðs Fremme stendur til 13. marz næstkomandi.

Dönsk handavinna



Frá sýningunni í Norræna húsinu

í sig, þess vegna verða þeir að flytja ullina inn. Það er því forvitnilegt að sjá hvað fólki verður úr bandinu frá Ullarverk-smiðjunni Gefjun, sem þangað sendir árlega talsvert magn af garni og lopa. Jú, það kemur í ljós, að við þekkjum þetta band aftur, saubalitin — og þá ýmist í vefnaði eða þrjónaskap. Sérstaka athygli vekja þó væðarvöðir og frumlegt teppi fram við dyr. Annað virðist hefðbundnara, eða venjulegra, ef það er ekki of niðrandi orð fyrir danskt handbragð og vinnu. Þó er þarna fleira ágætra muna, og vil ég sérstaklega nefna dúka, sem hanga niður úr lofti, með hring sem grisjaður er á skemmtilegan hátt. Þessi verk munu vera eftir Anette Juel.

Lopapeysur og væðarvöðir Kirstinar Holts eru vandabir munir, sem lýsa oft smekkvísi og skilningi á því hráefni sem notað er, að það beri uppi einkenni gripanna.

Kjöll Lisbetar Have er athyglisverður.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sýningunni, eftir að

Auk þess er þarna margt fagurra muna, þótt ekki verði þeirra getið hér.

Í innri sal ber mest á útsaumi, krosssaumi, sem stungið hefur augun úr íslenskum konum líka í marga áratugi, jafnvel aldir, og sumt er ótrúlega finlegt. Þarna er líka stórt veggteppi, sem verið gæti eftir hann Sölva Helgason. Höfundarnafn er þar ekki að finna, heldur stendur Háandarbejðs Fremme á spjaldinu, svo það er líklega stofnunin sjálf, sem stendur að gerð þess. Auk þess er fjöldi smíðisgripa, t.d. fuglar skornir í tré, veggklæði með perlum, keramikverk og skrautmunir. Þá eru þarna sýndar vinnubækur og sjónabækur (sjónarbækur), sem geyma lýsingar af mynstrum og munum.

Þarna ber hæst, að voru mati, verk Gerde Bengtsson, sem brúkað hefur augu sín við ótrúlega finlega vinnu, en styrkur verkanna byggist fyrst og fremst á formskyni og einfaldri notkun lita. Myndir frá Nýhöfnninni eru líka skemmtilegar, svo og verk Kim Naver.

um, sem er náskyld listgrein. Ekkert er athugavert við að gera eftirlitlingu af fornum hannyrðum, en að skemma í sér augun fyrir danska og hollenska dokkusala, nær ekki nokkurri átt. Það er bráðnaðsýnlegt, að koma handavinnu, eða krosssaumi íslenskra kvenna á hærra plan og þjóðlegra.

Þess má að lokum geta, að sumt af þessum munum eru unnir af fólki á vinnustað fyrir fatlaða, en félagið hefur komið honum upp í Danmörku. Bæði konur og karlar taka þátt í sýningunni.

Danmörk er — sem áður sagði — ekki ullarland. Það er Ísland aftur á móti, þótt þjóðin eigi ekki lengur allt sitt undir ullinni eins og var á fyrstu öldum Íslandsbyggðar, er stærsti hluti gjaldeyrstekna kom frá ullariðjunni. Eigi að síður eigum við enn mikið undir íslensku ullinni, sem veitir mikla vinnu og skilar gjaldeyri fyrir. Þessi iðnaður á allt sitt undir því að sífellt sé verið að finna upp á einhverju nýju, til þess að tryggja ullinni rúm í milliríkjavæðuninni og

Hringur Jóhannesson

Hringur sýnir á Kjarvalsstöðum

Hringur Jóhannesson, listmálari opnaði málverkasýningu að Kjarvalsstöðum síðastliðinn laugardag.

Hringur Jóhannesson mun ættaður norðan úr landi, nánar til tekið, úr Abaldal, og er fæddur árið 1932 að Haga.

Hann nam við Handla- og myndlistarskólann á árunum 1949-1952 og lauk m.a. teiknikennaraprófi. Hann hélt ekki utan til framhaldsnáms, eins og svo margir gerðu, missti vist áhugann um hrið og gerði þá lítið, enda þröngt um listamenn í andanum á þeirri tíð, menn bundnir niður á hlið eina og rétta. Hringur heldur sína fyrstu málverkasýningu því ekki fyrr en árið 1962, og þá líklega seinastur sinna skólabræðra, sem á annað borð gáfu sig að málverki eða myndlistum að aflokinni skólagöngu.

Síðan hefur Hringur sýnt nokkrum sinnum, bæði haldið nokkrar einkasýningar og hann hefur tekið þátt í mörgum sam-sýningum, bæði hérlandis og erlendis.

Hringur er um margt sér á parti. Hann leitar norður í land á sumrin og verkar þá gjarnan hey, og svo teiknar hann og malar. Til skamms tíma hafði hann aldrei komið til útlanda, sem er áreiðanlega einsdæmi um starfandi listamann, — en svona er Hringur. Hefur nóg að skoða og skilgreina hér heima, þarf því ekki langt yfir skammt.

Að skilgreina list Hringis Jóhannessonar er dálítið örðugt. Að segja að hann tilheyrir pop-list segir í raun og veru ekki neitt. Kjötstimplar listfræðinnar festast ekki við verk hans, sem þó eru auðþekkt til greiningar, hann minnir ekki á aðra, heldur fyrst og fremst á sig sjálfan. Myndefni hans eru dálítið sérstæð, nákvæmar útfærslur af ósköp hversdagslegum hlutum. Ketilspeglun

(speglun á kaffikatlí), Mjólurkælir, Gamli jeppinn, Tæknin, Hlökkugeisli, Hættulegar beygjur. Allt er þetta gert samkvæmt orðanna hljóðan, og okkur opnað nýr heimur, ný veröld, byrjum að sjá það sem við sáum ekki áður.

Kjölfestun í list Hringis Jóhannessonar er teikningin. Örug, nákvæm og fastmótúð teikning, unnin af styrkri hendi. Í málverkinu hefur hann náð mjög góðri tækni, en það er raunar forsenda þess að geta náð árangri við svipuð myndefni. Þegar málaranum mistekst, tæknilega, eins og til að mynda í bílslysi, þá rennur allt út í sandinn. Oft bregður hann líka á glens, t.d. í myndinni Hættulegar beygjur.

Það er skoðun vor, að ein meginástæðan fyrir vöndri poplist hér á landi séu sláum vinnubrögð og frumstæð tækni.

Beztu myndirnar á sýningunni eru ef til vill Aburðarpokar og útsýni úr farþegarymi á Fokker Friendskip-flugvél Flugfélagsins yfir Faxaflóa.

Ef til vill finnst sumum að myndir Hringis minni dálítið á vandaða auglýsingateiknunar (málun). Það gerir ekkert til, en undirstikar á hinn bóginn það, að myndir Hringis eru oft meira en venjulegt málverk, þær eru oft dálítill saga líka, jafnvel predikun, en það er einmitt eitt af einkennum mikillar listar. Þannig var t.d. Chaplin. Hann var ekki einasta að skemmta okkur, heldur líka að segja okkur eitt og annað þarflegt, eitt-hvað sem hann hafði skynjað og vildi koma á framfæri.

Það er enginn vafi á því, að Hringur Jóhannesson hefur með þessari sýningu haslað sér völl sem traustur og framsækinn listamaður. Hann hefur náð valdi á efni sínu og tækni og getur því ótrauður gengið til verka. Við hvetjum alla listvini til þess að sjá þessa stóru og vel gerðu sýningu.

Jónas Guðmundsson